

Aðalfundur Karlakórs Hreppamanna haldinn 17. október 2009.

Skýrsla formanns.

Á síðasta aðalfundi kórsins urðu töluverðar breytingar á stjórn þar sem þrír menn komu nýir inn. En þeir eru sá sem hér stendur, ásamt Böðvari og Kristmundi.

28. nóvember 2008, héldu 1. tenór karlakvöldið sem þeir stóðu að sjálfsögðu að með miklum sóma. Þá hélt kórinn velheppnaða adventutónleika í Skálholtskirkju 16. desember ásamt eldri barnakór og unglíngakór Selfoskirkju. Fjórir nemendur úr Tónlistaskóla Árnassýslu spiluðu einnig á tónleikunum. Séra Eiríkur flutti hugvekjju og kynnr kvöldsins var Kristinn Ólafsson, rektor í Skálholti. Hérðasnefnd Árnasprófastsdæmis veitti styrkt til þessarra tónleika sem skiptist á milli kóranna sem tóku þátt. Eftir tónleikana bauð Karlakórinn þeim sem stóðu að tónleikunum ásamt mökum til kaffisamsætis í Skálholtsskóla og var þetta síðasta verkefni ársins og kórinn tók sér jólafrí. Fyrsta æfing eftir áramót var haldinn 13. janúar og nú var markið sett á tónleika með Karlakór Kjalnesinga og Karlakór Bólstaðarhlíðarhepps 21. febrúar og héldum við vel heppnaða tónleika með þeim á Flúðum. Að tónleikunum loknum þáðu gestakórar veitingar í boði Karlakórs Hreppamanna. Að venju hefur kórinn sungið við hin ýmsu tækifæri og má þar nefna að við sungum í fjórum fimmtugsafmælum hjá félögum okkar, sungið var á Hótel Flúðum á árshátíð fyrirtækisins Furu og sungið var á Selfossi í haust á stofnfundi Sor-op-ti-mista-félags Suðurlands. Á Litla-Hrauni söng kórinn 14. mars og höfum við ekki heyrt um að kórar hafi áður mætt til söngs á þeim stað.

17. apríl voru vortónleikar kórsins haldnir á Flúðum. Efnisskrá tónleikanna var með fjölbreyttasta móti, m.a. fjögur lög og ljóð eftir þá félagi Miklos og Gylfa, einnig kom fram með okkur stuðmaðurinn Egill Ólafsson og slagverksleikarinn Stefán Þórhallsson. Tónleikarnir voru síðan endurteknir í Selfoskirkju 9. maí. Sótt var um styrk hjá Menningarráði Suðurlands vegna vortónleikanna og var okkur úthlutað styrk frá þeim sjóði. Vorskútt var haldið á Rauða -Húsinu á Eyrarbakka eftir Selfosstónleikana þar sem borðað var saman og skemmtinefnd kórsins hélt uppi magnaðri skemmtidagskrá langt fram eftir nóttu. Ekki fengur karlakórsfélagar sumarfrí strax því sungið var í Skálholti 15. maí ásamt Skálholtskórnum og sænskum kór sem staddur var hér á landi. „Vor í Árborg“ 21. maí var síðasta verkefni kórsins fyrir sumarfrí. Þar kom kórinn fram á Gónhól á Eyrarbakka og flutti lög og ljóð Árborgarmannanna Gylfa og Miklosar. Á leiðinni heim var komið við á ljósmyndasýningu á Selfossi og tekin nokkur lög fyrir gesti.

Æfingar hófust aftur í haust þann 15. september. 19. september var árlegur útreiðartúr kórsins, afar vel heppnaður túr í góðu veðri og með mjög góðri þátttöku. 26. september hélt Karlakórinn Prestir styrktartónleika fyrir MND- félagið. Tónleikarnir voru á Flúðum og tók Karlakór Hreppamanna nokkur lög og lagði þar með góðu málefni lið. 31. október voru „Perlur sunnlenskrar tónlistar“ fluttar í íþróttahúsi Sólvallarskóla á Selfossi og tóku þar þátt þrír sunnlenskir kórar, Karlakór Selfoss, Karlakór Rangeyingar og við. Var þetta að mínu mati löngu tímabært að þessir kórar standi að slíkri sammkomu og vonandi byrjunin á góðu samstarfi þessarra kóra. Dagurinn endaði síðan með hátíðarkvöldverði á Hótel Selfoss og tókst þessi hátíð vel í alla staði. Og að lokum er það síðasta uppkoma kórsins en það var karlakvöldið sem haldið var þann 13. með metþátttöku, frábærum mat, góðum skemmtiatriðum. 1. Bassi til hamingju með frábært kvöld.

Ég þakka fyrir.

Aðalsteinn Þorgeirsson form.